



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir snyrtistofu (Lynspa 2) að Skipholti 25, F2012313, rými 01 0102.

Nafn leyfishafa: Lynspa 2 ehf.

Heimilisfang: Skipholt 25, 105 Reykjavíkurborg

Kennitala: 670323-0130

Gildir frá: 13. nóvember 2025

Gildir til: 13. nóvember 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 13. nóvember 2025





Lynspa 2 ehf.

kt. 670323-0130

Skipholt 25

vegna snyrtistofu í starfstöð fyrirtækisins að Skipholti 25.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Dags. umsóknar. Sjá kafla 1. hér að neðan.	25.04.2023.
Rekstraraðili, kt.	Lynspa 2 ehf. kt 670323-0130.
Heiti fyrirtækis	Lyn Spa 2.
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Engjateigur 3. F2019484 rými 0101
Tegund starfsemi	Snyrtistofa. Vísa í 42. töluliði í viðauka við reglugerð nr. 903/2024.
Tilefni umsóknar	Ný starfsemi.
Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa og samræmi við skipulag. Sjá kafla 2. að neðan.	Staðfesting barst 14.10.2025.
Dags. birtingar auglýsingar, efni tillögunnar, hvar hún var birt og frestur til athugasemda. Sjá kafla 4. hér að neðan.	Birt 15.10.2025. Í tillögunni er lagt til að um starfsemina gildi Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir snyrtistofur og skilda starfsemi. Auglýsing var birt á vefsíðu HER
Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. hér að neðan.	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.
Hafi verið gerðar breytingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu er gerð grein fyrir því í kafla 6. hér að neðan.	Engar breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu að starfsleyfi.
Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 7. hér að neðan.	Umsóknin var lögð fyrir 1873, afgreiðslufundur HER þann 13.11.2025. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára.



1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin ófullnægjandi og var umsækjanda leiðbeint um hvaða gögn vantaði til að hægt væri að meta hana fullnægjandi. Viðbótargögn bárust og var umsókn metin fullnægjandi eftir yfirferð þeirra. Móttaka umsóknar var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>.

2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist skipulag. Staðfesting byggingarfulltrúa á ofangreindu barst 14.10.2025 eftir að umsækjanda hafði verið leiðbeint og umsækjandi hafði klárað mál sín hjá byggingarfulltrúa.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megí nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/starfsleyfi-i-auglyssingu-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.



6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Dags 2. janúar 2026

Jóhanna Margrét Haraldsdóttir

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur